



Lestrarstefna Gerðaskóla
Lestur er lykill að ævintýrum

Inngangur



Bestu og mikilvægustu lestrarstundirnar eru í öruggum faðmi foreldra eða forráðamanna og er lestrarþjálfun sameiginleg ábyrgð heimilis og skóla. Lestur er lykill að ótal ævintýrum, eflir málþroska og orðaforða, eykur víðsýni og skilning, virkjar ímyndunarafli og sköpun þess sem er læs.

Góð færni í lestri og lesskilningi er undirstaða fyrir allt nám og öflugur orðaforði er lykilforsenda árangurs í námi. Lesturinn opnar í raun dyr að framtíðinni.

Markmið lestrarstefnu Gerðaskóla er að efla lestur og lesskilning jafnt og þétt í gegnum skólagönguna. Lögð er áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi, að efla orðaforða og veita góðan stuðning við lestrarnám nemenda. Njóttum þess að lesa og gerum það saman.

Lestur og lesskilningur

Snemma á meðgöngu skynjar fóstur hljóð og um leið og við fæðumst hefst eiginlegt lestrarnám. Hrynjandi tungumálsins, áherslur, framburður og tónfall, allt þetta lærist heima í faðmi foreldra og uppalenda á fyrstu æviskeiðum barns.

Orðaforði, hugtaka- og málskilningur lærist líka fyrstu æviár barns. Þegar í leik- og grunnskóla er komið byggist stöðugt ofan á þessa skilningsfærni.

Orðaforði og málskilningur er mikilvægasti þáttur lesskilnings auk bakgrunnsþekkingar. Þörfin fyrir að læra að lesa og geta skilið um hvað verið er að lesa er alltaf til staðar, fer aldrei úr tísku.



[Hvað er læsi og lesskilningur?](#)

Orðaforði

Þau börn sem byrja skólagöngu sína með góðan orðaforða í farteskinu hafa mikið forskot á önnur börn sem hafa slakan málrænan grunn. Mikilvægasta leiðin til að örva orðaforða er **að ræða við börn, útskýra, lesa fyrir þau sögur** og ræða um hvað lesið var, þannig tileinka þau sér ný orð. Allt grunnskólanám barnsins byggist á þeim orðaforða sem það kemur með inn í skólann strax í 1. bekk.

Í daglegum samskiptum okkar á milli notum við ríkulegan orðaforða sem er okkur mjög dýrmætur, þar liggur allur okkar skilningur á mæltu og rituðu máli. Nú eru uppi umræður í samfélaginu vegna hnignandi orðaforða barna. Áhyggjur eru af enskumælandi umhverfi sem truflar móðurmálskennslu

þeirra, skilning og tjáningu. Orðaforði barna á undir högg að sækja og er ein skýringin sú að samræður heima eru minni og einnig er minna um það að börn lesi bækur. Tilgangur bóka er nefnilega sá að auka orðaforða og dýpka hugtök einstaklinga, sem og að auka skemmtun og svala fræðsluþörf þeirra.

„Ef orðaforðinn minnkar þá fækkar tilfinningunum sem þú getur lýst, atburðunum sem þú getur greint frá og hlutunum sem þú getur bent á. Ekki aðeins verður skilningurinn takmarkaðri heldur einnig reynsluheimurinn. Tungumálið eflir manninn. Í hvert sinn sem hann tapar skilningi, tapar hann hluta af sjálfum sér.“

- Sheri S. Tepper, A Plague of Angels

Lestur og lesskilningserfiðleikar

Lestur byggist aðallega á tveimur meginþáttum, umskráningu (að breyta stöfum í hljóð og tengja saman í orð) og lesskilningi. Fylgst er með framvindu lestrarnáms með ýmsum leiðum. Lögð er fyrir lesskimun í 1. bekk og lesfimiþróf Menntamálastofnunar eru lögð fyrir alla bekki þrisvar sinnum yfir skólaárið. Kennari fylgist auk þess vel með framvindu nemenda. Lesskilningur er metinn með stöðluðum prófum reglulega yfir skólaárið.

Það eru alltaf fáeinir sem ná ekki tökum á lestri vegna einhverra orsaka. Dyslexía, oftast nefnd lesblinda, á við þegar einstaklingur á í erfiðleikum með að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins og fyrstu einkennin koma fram í lestri og stafsetningu. Námsferfiðleikar stafa að mestu leyti

vegna lestrarerfiðleika. Ef foreldra grunar að barnið þeirra eigi við lestrarerfiðleika að etja er best að ræða við umsjónarkennarann sem þekkir ferlið innan skólans. Slakur lesskilningur er fyrst og fremst vegna þess að málskilningi og orðaforða er ábótavant. Við lærum orðaforða fyrst og fremst í gegnum samtal og útskýringar.

[Hvað eru lestrar- og lesskilningserfiðleikar?](#)

Málhljóðin

Nauðsynlegt er að geta tjáð sig á skýran hátt. Skýrmæli er lykilþáttur varðandi lestur og lesskilning. Ef barn getur til dæmis ekki borið **p** rétt fram og segir **f** í staðinn og hann les orðið **þyrst** en segir **fyrst** þá er merking orðsins allt önnur. Grípa þarf inn í sem allra fyrst þegar grunur er um málerfiðleika, því á þeirri spýtu hangir úrvinnsla tungumálsins, öll lestrarkunnáttan, skrifað mál og stafsetning.

Lestur og ritun



Lestur og ritun eru samvinnuð færni, eins og tvær hliðar á sama teningi. Fyrsta skrefið í ritun er þegar börn byrja að læra að skrifa rétta stafagerð og tengja í orð. Þau æfa sig í ritun með því að skrifa í sögubók og upp alla skólagönguna þjálfast þau áfram í ritun þvert á allar námsgreinar. Áhersla er á að nemendur þjálfist í skrift sem nýtist þeim vel í skólasterfi og síðar í daglega lífinu.

Skriftin á að vera lipur, læsileg og þarf að þola töluverðan skriftarhraða án þess að afmyndast. Færni barna í ritun er í örri þróun alla skólagönguna og það er almennt ekki fyrr en á unglings- eða fullorðinsaldri sem fullri færni í ritun samfellds texta er náð. Ritun er þolinmæðisvinna sem skilar sér í færum einstaklingum sem geta tjáð sig í rituðu máli, sótt sér framhaldsnám og framtíðarstörf. Síðast en ekki síst gefur ritun tækifæri til þess að skapa eigin rödd.

[Af hverju er ritun mikilvæg?](#)

Ítarefni

Í Gerðaskóla er stuðst við hljóðaaðferð við lestrarkennslu en lestrar- og lesskilningsþjálfun fer fram með ýmsum leiðum. Hér má finna fróðleik um aðferðir, leiðir og matstæki.

Þjálfunaraðferðir í lestrarkennslu:

[Hljóðaaðferðin, paralestur, raddlestur](#)

[Lestrarmót/lestrarvinir](#)

Þjálfunaraðferðir í lesskilningi:

[Gagnvirkur lestur](#)

[Hugarkort](#)

[KVLaðferðin](#)

Úrræði:

[Aukin lestrarþjálfun](#)

[Um próf og skimanir](#)



Áherslur í lestrarkennslu

** Viðmið orða á mínútu í lok skólaárs*

Lestrarkennsla í 1. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Þjálfir hljóðkerfisvitund sína
- ✓ Kunni heiti og hljóð bókstafanna
- ✓ Læri að tengja hljóð og tákn stafanna saman
- ✓ Þjálfir og eflir máltjáningu og hlustunarfærni
- ✓ Hafi ánægju af lestri og hlustun
- ✓ Læri algengar orðmyndir

Úrræði

- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa
- Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Snemmtæk íhlutun - skimanir og stuðningur

Kennsluaðferðir

- ✓ Lestarkennsla með hljóðaaðferð
- ✓ Nemendur lesa heima á hverjum degi, kennari fylgist með skráningu í lestrarmöppu
- ✓ Nemandi les upphátt daglega fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa
- ✓ Sögustund - kennari les fyrir nemendur
- ✓ Flutningur á eigin texta í pontu
- ✓ Unnið með orðaforða daglega
- ✓ Lestraráttak - að hausti og vori
- ✓ Sumarlestur

Lesskilningur í 1. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Skilji einfaldan texta og taki þátt í umræðum
- ✓ Fáí lesefni við hæfi og auki orðaforða sinn
- ✓ Efli lesskilning sinn með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- ✓ Geti unnið verkefni úr lesnum textum og hlustun

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa
Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

Kennsluaðferðir

- ✓ Nemendur lesa heima daglega og eru spurðir út úr efninu
- ✓ Sögustund - lesið fyrir nemendur, efnid rætt
- ✓ Ólíkir textar lesnir og fjölbreytt verkefni unnin
- ✓ Unnið með verkefni sem efla bæði les – og hlustunarskilning

Viðmið

- ✓ 85-100% framúrskarandi
- ✓ 65-84% hæfni náð
- ✓ 50-64% þarfnast þjálfunar
- ✓ 0-49% hæfni ekki náð

1. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Stöðupróf	Lesskimun	Lesfimi	Hlustunarpróf
Grunnþættir lestrar	Stafabekking (tengsl stafa og hljóða) raddlestrarpróf	Hljóðkerfisvitund lesskilningur, orðaforði, umskráning	Lesfimi (orð á mínútu)	Lesskilningur
Tímasetning	September	Október	September, janúar, maí	Október, janúar, mars og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Umsjónarkennari	Verkefnastjóri læsis	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð og eftirfylgni		Ef nemandi er í áhættuhópum skv. stöðlum prófsins skal veitt inngrip við hæfi		
Skráning			Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor

Lestrarkennsla í 2. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Þjálfari enn frekar hljóðkerfisvitund
- ✓ Auki lestrarhraða miðað við lesfímiviðmið
- ✓ Lesi efni tengt getu og áhuga
- ✓ Auki orðaforða
- ✓ Þekki algengar orðmyndir



Bók í hönd
og þér halda engin bönd.

Bók í hönd
og þú berst niður á strönd.

Bók í hönd
og þú breytist í önd.

Bók í hönd
og beint út í lönd.

Kennsluaðferðir

- ✓ Lestrarkennsla með hljóðaaðferð
- ✓ Nemendur lesa heima á hverjum degi, kennari fylgist með skráningu
- ✓ Nemandi les upphátt daglega fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa
- ✓ Sögustund - kennari les fyrir nemendur
- ✓ Lestraráttak - að hausti og vori
- ✓ Sumarlestur

Úrræði

- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar
- ✓ Aukin lestrarþjálfun bæði heima og í skóla

Lesskilningur í 2. bekk

Markmið að nemendur :

- ✓ Hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- ✓ Geti svarað spurningum úr lesnum texta eða hlustun
- ✓ Fái lesefni við hæfi og geti aukið orðaforða

Kennsluaðferðir

- ✓ Nemendur lesa heima daglega og foreldrar spyrja út í efnið
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku
- ✓ Lestur ólíkra texta
- ✓ Daglega unnið með orðaforða
- ✓ Sögustund
- ✓ Hlustunaræfingar
- ✓ Yndislestur

Viðmið

- ✓ 85-100% framúrskarandi
- ✓ 65-84% hæfni náð
- ✓ 50-64% þarfnast þjálfunar
- ✓ 0-49% hæfni ekki náð

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun heima og í skólanum
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

2. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Hlustunarpróf
Grunnþættir lestrar	Lesfimi (orð á mínútu)	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	Október, janúar, mars og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð og eftirfylgni:	Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun	
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor

Lestrarkennsla í 3. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Auki lestrarhraða miðað við lesfímiviðmið
- ✓ Lesi efni tengt getu og áhuga
- ✓ Geti lesið sér til gagns
- ✓ Auki orðaforða enn frekar
- ✓ Geti lesið eftir greinarmerkjum
- ✓ Geti fylgt rituðum fyrirmælum

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

Kennsluaðferðir

- ✓ Lestrarkennsla með hljóðaaðferð
- ✓ Nemendur lesa heima á hverjum degi, kennari fylgist með skráningu í lestrarmöppu
- ✓ Nemandi les upphátt daglega fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa
- ✓ Daglega unnið með orðaforða
- ✓ Sögustund - kennari les fyrir nemendur
- ✓ Fjölbreyttar leiðir nýttar við lestur
- ✓ Flutningur á eigin texta og texta annarra í pontu sem undirbúning fyrir litlu upplestrarhátíðina í 4. bekk
- ✓ Lestraráttak - að hausti og vori
- ✓ Sumarlestur

Lesskilningur í 3. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- ✓ Geti svarað spurningum úr lesnum texta eða hlustun, lesið sér til gagns
- ✓ Fáí lesefni við hæfi og geti aukið orðaforða
- ✓ Að greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum.

Viðmið

- ✓ 85-100% framúrskarandi
- ✓ 65-84% hæfni náð
- ✓ 50-64% þarfnast þjálfunar
- ✓ 0-49% hæfni ekki náð

Kennsluaðferðir

- ✓ Nemendur lesa heima daglega og foreldrar spyrja út í efnið
- ✓ Lestur ólíkra textaforma
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku
- ✓ Sögustund
- ✓ Hlustunaræfingar
- ✓ Yndislestur

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

3.bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Orðarún	Lesskilnings- próf
Grunnþættir lestrar	Lesfimi (orð á mínútu)	Lesskilningur	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	Október próf 1, Apríl próf 2	Janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð og eftirfylgni	Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor	Skráð í Mentor

Lestrarkennsla í 4. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Auki lestrarhraða miðað við lesfímiviðmið
- ✓ Lesi efni tengt getu og áhuga
- ✓ Auki orðaforða
- ✓ Geti lesið upphátt með réttum áherslum, tjáningu og blæbrigðum
- ✓ Geti fylgt rituðum fyrirmælum

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

Kennsluaðferðir

- ✓ Nemendur lesa heima á hverjum degi, kennari fylgist með skráningu í lestrarmöppu
- ✓ Nemandi les upphátt daglega fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa
- ✓ Sögustund - kennari les fyrir nemendur
- ✓ Fjölbreyttar leiðir nýttar við lestur
- ✓ Daglega unnið með orðaforða
- ✓ Flutningur á eigin texta og texta annarra í pontu
- ✓ Lestraráttak - að hausti og vori
- ✓ Sumarlestur

Lesskilningur í 4. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- ✓ Auki skilning sinn á lesnum texta
- ✓ Bæti lesskilning sinn og auki orðaforða
- ✓ Geti greint aðalatriði úr lesnum texta
- ✓ Geti lesið á milli línanna, fundið tilfinninguna í textanum
- ✓ Umorðað texta með eigin orðum

Viðmið

- ✓ 85-100% framúrskarandi
- ✓ 65-84% hæfni náð
- ✓ 50-64% þarfnast þjálfunar
- ✓ 0-49% hæfni ekki náð

Kennsluaðferðir

- ✓ Heimalestur daglega og túlkun textans í lestrardagbók
- ✓ Nemendur hlusti á upplestur
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku
- ✓ Læra að nota hugtakakort til þess að auka við sig þekkingu og orðaforða
- ✓ Markviss vinna með orðaforða tengdum námsefni bekkjarins

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

4. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Orðarún	Logos	Lesskilningspróf
Grunnþættir lestrar	Lesfimi	Lesskilningur, orðaforði	Lesfimi, lesskilningur, umskráning	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	Október próf 1, Apríl próf 2	Sept/okt skimun	Janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Nemendur undir viðmiði 1	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Aðili með Logos réttindi	Umsjónarkennari
Viðbrögð og eftirfylgni	Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi	Áætlun gerð fyrir komandi skólaár	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor	Niðurstöður sendar foreldrum og afrit sett í persónumöppu	Skráð í Mentor

Lestrarkennsla í 5. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Geti lesið sér til ánægju og fróðleiks
- ✓ Auki lestrarhraða miðað við lesfímiviðmið
- ✓ Geti lesið upphátt með réttum áherslum, tjáningu og blæbrigðum
- ✓ Kynnist notkun hljóðbóka og hlaðvarpa
- ✓ Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Suðurnesjabæjar

Kennsluaðferðir

- ✓ Heimalestur daglega, kennari fylgist með skráningu í lestrarmöppu
- ✓ Nemandi les upphátt daglega fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa
- ✓ Fjölbreyttar leiðir nýttar við lestur
- ✓ Paralestur með bekkjarfélaga og geti túlkað það sem lesið var
- ✓ Lestur með PALS aðferðinni



Hugur ræður hálfum sigri

Lesskilningur í 5. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- ✓ Auki skilning sinn á lesnum texta
- ✓ Bæti lesskilning og auki orðaforða, geti lesið sér til gagns og ánægju
- ✓ Geti greint aðalatriði úr lesnum texta og dregið ályktun út frá honum

Viðmið:

- ✓ 85-100% framúrskarandi
- ✓ 65-84% hæfni náð
- ✓ 50-64% þarfnast þjálfunar
- ✓ 0-49% hæfni ekki náð

Kennsluaðferðir

- ✓ Heimalestur daglega
- ✓ Kennari les styttri og lengri sögur fyrir bekkinn
- ✓ Nemendur hlusti á upplestur, hlaðvörp eða hljóðbækur
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku
- ✓ Nýti sér hugtakakort til að fræðast og auka orðaforða
- ✓ Markviss vinna daglega með orðaforða tengdum námsefni

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

5. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Orðarún	Lesskilningspróf
Grunnþættir lestrar	Lesfimi	Lesskilningur og orðaforði	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	Október próf 1, Apríl próf 2	Janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð og eftirfylgni	Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor	Skráð í Mentor

Lestrarkennsla í 6. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Geti lesið sér til ánægju og fróðleiks
- ✓ Auki lestrarhraða miðað við lesfimiviðmið
- ✓ Geti lesið upphátt með réttum áherslum, tjáningu og blæbrigðum
- ✓ Nota hljóðbækur og hlaðvörp þegar við á
- ✓ Að hver og einn lesi efni tengt getu og áhuga

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa og ráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

Kennsluaðferðir

- ✓ Heimalestur daglega, kennari fylgist með skráningu í lestrarmöppu
- ✓ Nemandi les upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa daglega
- ✓ Fjölbreyttar leiðir við lestur
- ✓ Paralestur með bekkjarfélaga



Lesskilningur í 6. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- ✓ Auki skilning sinn á lesnum texta
- ✓ Bæti lesskilning og auki enn frekar orðaforða
- ✓ Geti greint aðalatriði úr lesnum texta og dregið ályktun út frá honum
- ✓ Geti lesið fræðitexta
- ✓ Skilji innihald texta og geti dregið ályktanir um framvindu

Viðmið:

- ✓ 85-100% framúrskarandi
- ✓ 65-84% hæfni náð
- ✓ 50-64% þarfnast þjálfunar
- ✓ 0-49% hæfni ekki náð

Kennsluaðferðir

- ✓ Heimalestur daglega, kennari fylgist með og skráir
- ✓ Kennari les styttri og lengri sögur fyrir bekkinn
- ✓ Nemendur hlusti á upplestur, hlaðvörp og hljóðbækur
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku
- ✓ Hugtakakort
- ✓ Markviss vinna með orðaforða tengdum námsefni

Úrræði:

- ✓ Aðgengi að hljóðbókum
- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu

6. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Orðarún	Logos	Lesskilnings-próf
Grunnþættir lestrar	Lesfimi	Lesskilningur Orðaforði	Lesfimi, lesskilningur, umskráning	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	Október próf 1, Apríl próf 2	Mars/apríl	Janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Nemendur undir viðmiði 1	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari	Aðili með Logos réttindi	Umsjónarkennari
Viðbrögð og eftirfylgni	Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi	Ef grunur vaknar um lestrarvanda nemanda er honum vísað í nánari lestrargreiningu (Logos)	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor	Niðurstöður sendar foreldrum og afrit sett í persónumöppu	Skráð í Mentor

Lestrarkennsla í 7. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Auki lestrarhraða
- ✓ Hafi ánægju af lestri og hlustun
- ✓ Geti lesið upphátt með tjáningu og blæbrigðum - æfingar fyrir Stóru upplestrarkeppnina
- ✓ Geti lesið myndrit og myndrænar upplýsingar

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Aukin lestrarþjálfun
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa
Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

Kennsluaðferðir

- ✓ Heimalestur daglega í 15 mínútur, kennari fylgist með skráningu í lestrarmöppu
- ✓ Nemandi les fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa daglega
- ✓ Samlestur 2-3 sinnum í viku
- ✓ Flutningur á eigin texta og annarra í pontu
- ✓ Yndislestur daglega í 10-15 mínútur
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku



Ungur nemur
gamall temur

Lesskilningur í 7. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Hafi ánægju og gagn af lestri og hlustun
- ✓ Auki skilning á lesnum texta
- ✓ Bæti lesskilning og auki orðaforða
- ✓ Geti greint aðalatriði úr lesnum texta og dregið ályktun út frá honum
- ✓ Geti lesið bækur sem reyna á færni í lestri, t.d. fræðitexta
- ✓ Skilji innihald texta og dragi ályktanir um framvindu
- ✓ Geti svarað spurningum úr lesnum texta, kvikmyndum eða eftir hlustun

Viðmið:

- ✓ 85-100% framúrskarandi
- ✓ 65-84% hæfni náð
- ✓ 50-64% þarfnast þjálfunar
- ✓ 0-49% hæfni ekki ná

Kennsluaðferðir

- ✓ Heimalestur daglega í 15 mínútur, kennari fylgist með skráningu í lestrarmöppu
- ✓ Hlustað á framhaldssögu, hún rædd og nemendur spurðir út í efnið
- ✓ Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim
- ✓ Hlustunaræfingar og verkefni tengd þeim
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku
- ✓ Hugtakakort

Úrræði

- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Stuðningur við lestrarþjálfun og ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

7. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Orðarún	Lesskilningur
Grunnþættir lestrar	Lesfimi	Lesskilningur Orðaforði	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	Október próf 1, apríl próf 2	September, janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Verkefnastjóri læsis	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð og eftirfylgni	Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor	Skráð í Mentor

Lestur í 8. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Auki lestrarhraða, lesskilning, orðaforða og málskilning
- ✓ Hafi ánægju af lestri og hlustun
- ✓ Lesi almenna texta af öryggi og skilningi
- ✓ Lesi daglega og efli vilja til lesturs
- ✓ Greini aðalatriði úr texta og dragi ályktanir
- ✓ Lesi eftir greinarmerkjum og úr myndritum
- ✓ Þjálfist í framsögn
- ✓ Kunni að nota handbækur og önnur uppflettirit
- ✓ Auki almenna hæfni sína til náms
- ✓ Geti myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið

*** Eftirfylgni með heimalestri er á ábyrgð umsjónarkennara.**

Kennsluaðferðir

- ✓ Lesi heima daglega og geri lestraráætlun*
- ✓ Yndislestur daglega í 10-15 mínútur
- ✓ Skrái reglulega í lestrardagbók að loknum lestri í skólanum
- ✓ Lestur ólíkra texta sem fylgja námsefninu, t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku

Úrræði

- ✓ Ráðgjöf hjá verkefnastjóra læsis
- ✓ Stuðningur
- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Lestaráttak fyrir þá sem ná ekki viðmiðum
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæja

8. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Orðarún	Lesskilningur
Grunnþættir lestrar	Lesfimi	Lesskilningur Orðaforði	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	Október próf 1, apríl próf 2	September, janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Verkefnastjóri læsis	Íslenskukennari	Íslenskukennari
Viðbrögð og eftirfylgni	<p>Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima</p> <p>Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun</p>	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor	Skráð í Mentor

Lestur í 9. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Auki lestrarhraða og lesskilning
- ✓ Hafi ánægju af lestri og hlustun
- ✓ Lesi almenna texta af öryggi og skilningi
- ✓ Viðhaldi daglegum lestri og efli vilja til lesturs
- ✓ Greini aðalatriði úr texta og dragi ályktanir af honum
- ✓ Lesi eftir greinarmerkjum og úr myndritum
- ✓ Þjálfist í framsögn
- ✓ Kunni að nota handbækur og önnur uppflettirit
- ✓ Auki almenna hæfni sína til náms
- ✓ Geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið

*** Eftirfylgni með heimalestri er á ábyrgð umsjónarkennara.**

Kennsluaðferðir

- ✓ Lesi heima daglega og geri lestraráætlun*
- ✓ Lesi daglega í skólanum, 15-20 mínútur
- ✓ Skrái í lestrardagbók að loknum hverjum lestri í skólanum
- ✓ Lesi ólíka texta sem fylgja námsefninu, t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- ✓ Flytji eigin texta og texta annarra í pontu
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku

Úrræði

- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Stuðningur
- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Lestaráttak fyrir þá sem ná ekki viðmiðum
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa
Fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar

9. bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Stöðupróf	Lesfimi	Orðarún	Lesskilningur
Grunnþættir lestrar	Lesfimi	Lesfimi	Lesskilningur Orðaforði	Lesskilningur
Tímasetning	Ágúst	September, janúar, maí	Jan/feb.	September, janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Nemendur undir viðmiði 1	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Íslenskukennari	Verkefnastjóri læsis	Aðili með Logos réttindi	Íslenskukennari
Viðbrögð og eftirfylgni	Nemendum raðað í lestrarhópa, námsefni eftir getu	Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning		Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor	Skráð í Mentor

Lestur í 10. bekk

Markmið að nemendur:

- ✓ Auki lestrarhraða og lesskilning
- ✓ Hafi ánægju af lestri og hlustun
- ✓ Lesi almenna texta af öryggi og skilningi
- ✓ Viðhaldi daglegum lestri og efli vilja til lesturs
- ✓ Greini aðalatriði úr texta og dragi ályktanir
- ✓ Lesi eftir greinarmerkjum og úr myndritum
- ✓ Þjálfist í framsögn
- ✓ Kunni að nota handbækur og önnur uppflettirit
- ✓ Geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á því sem þeir hafa lesið

*** Eftirfylgni með heimalestri er á ábyrgð umsjónarkennara.**

Kennsluaðferðir

- ✓ Lesi heima daglega og geri lestraráætlun*
- ✓ Lesi daglega í skólanum, 15-20 mínútur
- ✓ Skrái í lestrardagbók að loknum hverjum lestri í skólanum
- ✓ Lesi ólíka texta sem fylgja námsefninu, t.d. skáldsögur, smásögur, fornsögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð
- ✓ Flytji eigin texta og texta annarra í pontu
- ✓ Gagnvirkur lestur einu sinni í viku

Úrræði

- ✓ Ráðgjöf frá verkefnastjóra læsis
- ✓ Ráðgjöf frá kennsluráðgjafa fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar
- ✓ Stuðningur
- ✓ Hljóðbækur
- ✓ Lestraráttak fyrir þá sem ná ekki viðmiðum

10.bekkur

SKIMANIR OG ÍHLUTUN

VERKFÆRI	Lesfimi	Lesskilningur
Grunnþættir lestrar	Lesfimi	Lesskilningur
Tímasetning	September, janúar, maí	September, janúar og maí
Þátttaka	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Fyrirlögn	Verkefnastjóri læsis	Íslenskukennari
Viðbrögð og eftirfylgni	<p>Viðmið 1: Inngrip frá umsjónarkennara og aukin þjálfun heima</p> <p>Viðmið 2: Áframhaldandi þjálfun</p>	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Inngrip við hæfi veitt, ef þurfa þykir.
Skráning	Skráð hjá MMS og í Mentor	Skráð í Mentor

